

Ed.

960. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands,
18. maí 1920.

(Eins og það var að lýktum samþykkt og afgreitt frá Ed. 3. júní).

1. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 49 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

- a. 32 í einmennings- og tvímenningskjördæmum þeim, sem nú eru. Kosning þeirra er óhlutbundin. Skipta má tvímenningskjördæmum með lögum.
Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.
- b. 6 í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.
- c. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosn-

ingar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefir í kjöri og nær jöfnunarpingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annaðhvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarpingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarpingsætum, samtímis og á sama hátt.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára,

2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

3. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

4. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 28. gr., verði þannig:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjárráður.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgrein 30. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 29. gr., skal orða þannig:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.

6. gr.

Síðari málsgrein 38. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 37. gr., skal orða þannig:

Frumvarp til fjárlaga og fjárukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þar við 3 umræður.

7. gr.

40. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 39. gr., skal orða þannig:

Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjáráukalögum undanskildum, má samþykkja fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

8. gr.

2. og 3. töluliður ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli niður, en í stað þeirra komi nýr 2. töluliður, svo hljóðandi:

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.